

Nd.

473. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 39 28. jan. 1935, um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Annar málslíður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

En upphæð meðalmeðgjafa með óskilgetnum börnum ákveður félagsmálaráðuneytið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, fyrir hvert sveitarfélag um eitt ár í senn, og skal miða meðalmeðgjöf við aldur barna hinn sama á öllu landinu. Meðlagsárið er frá 1. ágúst ár hvert til 31. júlí næsta ár á eftir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.